

**Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um endurgjald á pening- 145 um, er glatazt höfðu úr tveim póstsendingum.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 1.10. oktblr.

þ. m., hafið þjer, herra póstmeistari, meðal annars skýrt mjer frá því, að með austanpósti þeim, er hingað kom 13. janúar þ. á., hafi auk annara sendinga verið peningapoki frá Borgum, er afhentur hafi verið þar til flutnings af hreppsnefndinni í Bæjarhreppi í Austur-Skaptafellssýslu og fara hafi átt til landsbankans; hafi í pokanum átt að vera 600 krónur, en þegar bankagjaldkerinn hafi opnað pokann í votta viðurvist, hafi eigi fundizt í honum nema 500 krónur, án þess þó að nokkur missmíði sæjust á pokanum. Ennfremur hafið þjer í áðurnefndu brjefi skýrt frá því, að með austanpóstinum, sem hingað kom 8. marz þ. á., hafi komið meðal annara sendinga poki frá sama póstaftgreiðslustað, er í hafi átt að vera 1600 krónur; hafi sendingin verið frá Eggerti verzlunarstjóra Benediktssyni á Papós og átt að fara til Halldórs bankagjaldkera Jónssonar, en þegar sending þessi svo hafi verið opnuð hjer á póststofunni af móttakanda í viðurvist yðar og póstpjóna yðar, þá hafi vantað 120 krónur upp á þá upphæð, sem í pokanum átti að vera, enda hafi pokinn borið þess merki, að farið hafi verið í hann, eptir að hann hafði verið innsiglaður.

Samkvæmt skýrslu yðar og vottorðum póstaftgreiðslumannsins að Borgum hafa báðar hinar umræddu peningasendingar verið taldar af honum og innsiglaðar með innsigli póstaftgreiðslunnar, auk þess að hin fyrnefnda sending var innsigluð með innsigli heimilismanns eins á Borgum, og hin síðarnefnda með innsigli þess, er sendi.

Báðir framannefndir sendendur hafa nú krafizt endurgjalds á þeim upphæðum, sem til vöntuðu, er hingað kom, og hafið þjer látið það álit í ljósi, að póststjórninni beri að standa skil á þeim 120 krónum, er vantaði upp á hina síðarnefndu sendingu, en aptur á móti sje það efasamt, hvort hún sje skyld til að greiða þær 100 krónur, er vanta hafi átt upp á hina sendinguna, með því að hún hafi eigi, auk innsigli póstaftgreiðslunnar, verið útbúin með innsigli þess, er sendi, eins og 13. gr. 3. c. í auglýsingu um póstmál frá 3. maí 1872 mæli fyrir.

Það er nú að visu svo, að í 13. gr. 3. tölulið staflið c. og d. í ofanefndri auglýsingu er mælt svo fyrir, að þegar peningasendingar í böggjum eða pokum sjeu taldar af póstmanni, þá skuli auk póstsinnsglis sendingin innsigluð með innsigli þess, er sendir, en sjeu ákvæði þessi borin saman við 2. tölulið staflið c í sömu greininni, þar sem að þessu leyti virðist standa alveg eins á, þá virðist liggja beinast við að skilja það svo, sem hugsunin sje á öllum stöðunum hin sama, nefnilega sú, að slíkar sendingar skuli auk póstinnsglis, innsigla með innsigli einhvers manns, sem eigi sje riðinn við póstmál, enda mun það einatt hafa átt sjer stað, að sendendur slíkra sendinga hafi notað innsigli annara við slík tækifæri.

Og hvað sem þessu líður, þá virðist eigi verða hjá því komizt að greiða hinar umræddu upphæðir báðar úr póstsjóði, samkvæmt 13. gr. í tilskipun 26. febr. 1872, um póstmálefni á Íslandi, með því að það virðist eptir atvikum nægilega sannað, að þær hafi misfarizt í vörzlum póststjórnarinnar, og skal jeg því

**145** Þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að greiða úr póstsjóði 100 kr. hreppsnefndinni í Bæjarhreppi og 1 20 krónur Eggerti verzlunarstjóra Benediktssyni.

**146** Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um að methylvínandi sje toll-  
14 oktbr. frjáls. — Jafnframt því að skýra frá því, að hingað hafi flutt með póstskipinu »Laura« 5. þ. m. meðal annars 10 gallons af methylalkohol (mehylated spirits), sem haft sje til ljósmyndagjörðar, en verði alls eigi notað til drykkjar, hvorki blandað nje óblandað, og að viðtakandi sendingar þessarar, Sigfús bóksali Eymundsson, hafi færzt undan að greiða toll af henni, hafið þjer látið það álit yðar í ljósi, að eigi beri að heimta toll af áminnstum vínanda, með því hann verði eigi talinn til áfengisdrykkja, sbr. fyrirsögn tolllaganna, tilsk. 26. febr. 1872, laga 11. febr. 1876 og 7. nóvbr. 1879 »um gjald af brennivini og öðrum áfengum drykkjum«, og ráðherrabrjef 21. ágúst 1886. Og hafið þjer leitað úrlausnar minnar um það, hvort skilningur yðar í þessu efni sje rjettur.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-anlegrar leiðbeiningar, að jeg er á sömu skoðun og þjer um það, að innfluttar lagartegundir því að eins verði álitnar tollskyldar, þótt þær innihaldi vínanda, að þær sjeu ætlaðar til eða geti orðið notaðar til drykkjar, og að því beri eigi að heimta toll af methylvínanda, sbr. áðurnefnt ráðgjafabrjef.

147

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbókasafnsins árið 1895.

	Tekjur :	Kr. a.	kr. a.
1. Sjóður við árslok 1894:			
a. innritunarskirteini . . . . .		6600 00	
b. 3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> % ríkisskuldabryjef . . . . .		800 00	
c. í landsbankanum . . . . .		42 15	
d. í sjóði hjá gjaldkeru . . . . .		67 61	7509 76
2. Vextir:			
a. af innritunarskirteini <sup>11</sup> / <sub>6</sub> 94— <sup>11</sup> / <sub>6</sub> 95 . . . . .		231 00	
b. ríkisskuldabryjefum <sup>11</sup> / <sub>6</sub> 94— <sup>11</sup> / <sub>6</sub> 95 . . . . .		28 00	
c. af fje í landsbankanum . . . . .		44 47	303 47
3. Styrkur úr landssjóði:			
a. til að kaupa bækur o. fl. . . . .		2500 00	
b. til eldiviðar, áhalda o. fl. . . . .		450 00	
c. brunabótargjald . . . . .		300 00	
d. af fje, sem ætlað er til aðstodar við bókaöörð . . . . .		100 00	3350 00
4. Bætt við ríkisskuldabryjef upp á . . . . .			200 00
			Kr. 11363 23